

A 1792/forsætisnefnd

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um skipulag heilbrigðisþjónustu á sviði borgaralegra varna**Tillögur**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún beiti sér fyrir viðtækara norrænu samstarfi um heilbrigðismál á Norðurlöndum svo að það taki til verklegs skipulags og undirbúnings fyrir aðstæður á ófriðartímum.

Bakgrunnur

Norðurlönd eiga fleira sameiginlegt en söguna og leguna á jarðarkringlunni. Þau hafa einnig um langa hríð þróað með sér gott samstarf á sviði varnarmála. Staða öryggismála í heiminum og á nærsvæðum okkar hefur um árabil farið versnandi vegna atburða sem við höfum ekki stjórn á. Erfitt getur verið að sjá þróunina fyrir og hún getur orðið hröð.

Norðurlönd eru nátengd umheiminum. Alþjóðavæðing hefur margt gott í för með sér en stöku atburðir geta haft skyndileg áhrif um allan heim. Mikilvægur þáttur í viðbúnaði vegna hættuástands er því dreifingaröryggi. Til að vernda almenning á Norðurlöndum og halda uppi virkum heildarvörnum í löndunum þarf að tryggja nauðsynlegt framboð á matvælum, neysluvatni, orku og lyfjum, svo að nokkuð sé nefnt.

Í skýrslunni *Mótstöðuafli - Markmið heildarvarna og útfærsla borgaralegra varna árin 2021-2025*, sem gefin var út af hálfu sameiginlegs vettvangs sænsku ríkisstjórnarinnar og þingflokka um varnarviðbúnað, segir að fyrir hendi séu „góðar forsendur fyrir nánara samstarfi á Norðurlöndum, við Eystrasaltsríkin og við önnur lönd í nágrenni [Svíþjóðar] um málefni sem varða þróun borgaralegra varna“ (bls. 209).

Samstarf um viðbúnað heilbrigðisþjónustu vegna hættuástands er engin nýlunda á Norðurlöndum. Norðurlönd hafa unnið saman að þessum málum frá árinu 1975. Gerður var viðbúnaðarsamningur um heilbrigðisþjónustu á sviði norræns heilbrigðissamstarfs (NORDHELIS) sem kveður á um að löndin styðji hvert annað þegar hamfarir eða bráður vandi steðjar að. Auk þess var komið á fót samstarfshópi norrænna stofnana sem hafa með hödnum heilbrigðisviðbúnað. Hópurinn nefnist



Svalbarðahópurinn og starfar á vegum ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) á grunni framangreinds samnings. Hópnun er ætlað að auka og bæta samstarfið og upplýsingamiðlun.

Unnt er að grípa til margs konar ráðstafana til að efla samstarfið á Norðurlöndum. Löndin geta til að mynda dregið lærdóm af viðbúnaðaráætlunum hvers annars um bæði matvæli og lyf. Þau geta enn fremur víkkað út og dýpkað tví- og marghliða miðlun upplýsinga um reynslu sem á sér þegar stað á vettvangi borgaralegra varna svo að hún taki einnig til verklegs skipulags og undirbúnings fyrir aðstæður á ófriðartímum.

Hvað heilbrigðisþjónustu varðar getur sameiginlegt skipulag á úrræðum á heilbrigðissviði og framboði lyfja aukið dreifingaröryggið. Svíar flytja til dæmis inn stóran hluta lyfja sem eru notuð í Svíþjóð. Yfirlit um aðgang norrænu landanna að lyfjum og sjúkrabúnaði gæti verið skref í átt að sameiginlegu verklegu skipulagi og undirbúningi fyrir aðstæður á ófriðartímum í þágu borgaralegra varna á heilbrigðissviði á Norðurlöndum.

Loks ber að athuga hvort koma megi á norrænu samstarfi milli hernaðarlegrar starfsemi og borgaralegrar heilbrigðisþjónustu. Á sama hátt þarf að fara yfir starfshætti varðandi samstarf og stjórnun.

Ottawa, 2. júní 2018

Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klintskov Jerkel (KF)
Hans Wallmark (M)
Juhana Vartiainen (saml)
Lars-Arne Staxäng (M)
Lena Asplund (M)
Maria Stockhaus (M)
Marianne Synnes (H)

Michael Tetzschner (H)
Nils Aage Jegstad (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Susanna Koski (saml)
Thomas Finnborg (M)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Wille Rydman (saml)